

Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgatúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 16. ágúst 2017  
UST201706-226/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Lýsing. Aðalskipulag Reykjavíkur – Stekkjarbakki, tillaga að breytingu**

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur er barst 19. júní sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur á svæði Stekkjarbakka. Tillaga að breytingu felst í því að horfið er frá því að færa götuna Stekkjarbakka til norðurs, eins og gert er ráð fyrir í núgildandi aðalskipulagi Reykjavíkur.

Í lýsingu kemur fram að markmið og tilgangur breytingar er að taka ákvörðun um framtíðarlegu Stekkjarbakka, milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka og að ekki sé farið í kostnaðarsamar aðgerðir á gatnakerfinu nema brýn nauðsyn sé á.

#### **Skipulagssvæðið**


Í lýsingu kemur fram að samkvæmt núgildandi aðalskipulagi ætti gatan að færast um 50 m til norðurs. Einnig kemur fram að nú sé heimilt að vera með græna starfsemi sem hentar í jaðri útivistarsvæðis.

#### **Umhverfismat**


Umhverfisstofnun hefur farið yfir áætlun um gerð umhverfismats, áætlaða kosti og mat á vægi áhrifa. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sýnt verði á uppdráttum væntanlega starfsemi norðan Stekkjarbakka og hvernig sú starfsemi samræmist núverandi aðstæðum annars vegar og núgildandi aðalskipulagi hins vegar.

Beðist er velvirðingar á því hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Björn Stefánsson  
Sérfræðingur